

Brussel, 14. apríl 2015

The logo of the EFTA Surveillance Authority, featuring the text "EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY" in white on a dark blue background.

Upplýsingablað: Eftirlitsstofnun EFTA og frammistaða Íslands á innri markaði

EES-samningurinn

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) er samningur milli Evrópusambandsins (ESB) og aðildarríkja þess og þriggja ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Íslands, Noregs og Liechtenstein. Með samningnum, sem tók gildi árið 1994, öðluðust EFTA-ríkin aðild að innri markaði ESB á sömu forsendum og aðildarríki þess sem nú eru 28 talsins.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) tekur til stærsta samræmda markaðssvæðis heims. Megintilgangur samningsins er að dýpka efnahagsleg tengsl og auka viðskipti milli ríkja og efla þar með velsæld íbúa svæðisins.

Samningurinn kveður á um svonefnt fjórfrelsi í viðskiptum, þ.e. hindrunarlausa vöruflutninga, þjónustustarfsemi og fjármagns- og fólksflutninga. Ennfremur kveður hann á um samvinnu í félags- og neytendamálum, rannsóknum, jafnréttis- og umhverfismálum o.fl. Með honum er viðskiptalegum hindrunum rutt úr vegi og einstaklingum og lögaðilum er tryggður jafn aðgangur og jöfn samkeppnisskilyrði hvarvetna á innri markaðinum.

Samningurinn felur þannig í sér víðtæka samvinnu. Til að hún sé skilvirk þurfa sameiginlegar reglur að vera skýrar og beiting og túlkun þeirra samræmd. EES-samningurinn felur í sér að breyti ESB reglum varðandi innri markaðinn þurfa EFTA ríkin að breyta sínum reglum til samræmis.

Virgni innri markaðarins veltur því á réttri og tímalegri innleiðingu gerða í landsrétt samningsríkjanna og réttri framkvæmd af hálfu stjórnvalda.

Hlutverk ESA

Sjálfstætt og óháð eftirlit með samræmdri innleiðingu og framkvæmd regluverks innri markaðarins er forsenda trausts á milli samningsaðila og á samningnum sem slíkum. Í þessum tilgangi hefur Framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins eftirlit með aðildarríkjum sín megin en Eftirlitsstofnun EFTA með Íslandi, Noregi og Liechtenstein. ESA og Framkvæmdarstjórn ESB eiga í reglulegum samskiptum, skiptast á upplýsingum og hafa samráð um einstök mál.

ESA hefur jafnframt mikilvægu eftirlitshlutverki að gegna í samkeppnismálum sem hafa áhrif á innri markaðinn og ríkisaðstoðarmálum.

Eftirlitið snýr bæði að því hvernig reglur EES eru innleiddar í landsrétt og hvernig reglum er framfylgt af stjórnvöldum. Ef ríki lætur hjá líða að leiða EES-reglur inn í landsrétt, eða beitir

þeim ekki rétt, hefur ESA afskipti af því. Með þessu gerir ESA Íslandi, Noregi og Liechtenstein kleift að taka þátt í innri markaði ESB.

Einstaklingar og fyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu geta leitað til ESA ef þeim þykir brotið á sér samkvæmt samningnum. Telji ESA að ríki hafi gerst brotlegt getur stofnunin hafið samningsbrotamál. Takist ekki að leysa málið getur það endað með því að ESA stefni ríkinu fyrir fyrir EFTA-dómstólinn. Dómstóllinn hefur úrskurðarvald um túlkun EES-samningsins og afleiddrar löggjafar þegar til ágreinings kemur.

Eftirlitsstofnun EFTA er þannig sjálfstæður eftirlitsaðili með framkvæmd EES-samningsins en EFTA-dómstóllinn dæmir í ágreiningsmálum milli samningsaðila. Saman tryggja stofnanirnar, ásamt sambærilegum stofnun ESB, einsleitt Evrópsk efnahagssvæði sem grundvallast á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðinum.

Frammistöðumat innri markaðarins

Eftirlitsstofnun EFTA og Framkvæmdarstjórn ESB hafa frá 1997 birt frammistöðumat tvisvar á ári þar sem kynnt er hvernig EES-ríki sinna þeim skuldbindingum sínum að innleiða reglugerðir og tilskipanir innri markaðarins rétt og tímalega.


ESA birti fyrra frammistöðumat ársins í dag og má finna það [hér](#).

Í stuttu máli eru niðurstöðurnar eftirfarandi:

- Innleiðingarhalli EFTA-ríkjanna þriggja er nú 2.0% en það er smávægileg aukning frá síðasta mati.
 - Af öllum 28 ríkjum ESB og EFTA ríkjunum þremur er **Ísland með mestan innleiðingarhalla eða 2,8%**. Þetta þýðir að 31 tilskipun hefur ekki verið innleidd í landsrétt innan settra tímamarka.
 - Innleiðingarhalli Noregs er nú 2.0% og er það örlítill aukning frá síðasta mati. Noregur er með næst mesta innleiðingarhallann á EES-svæðinu.
 - Frammistaða Noregs og Íslands samkvæmt þremur síðustu mælingum er verri en nokkru sinni fyrr.
- Til samanburðar er innleiðingarhalli í ríkjum ESB 0.5% að meðaltali. Aðeinst eitt ríki, Slóvenía, fór yfir 1% viðmiðið og mældist með 1.4% halla.
- Tími sem einstök mál taka hefur líka lengst og stendur Ísland sig verst af EFTA-ríkjunum að því leyti.
 - Samningsbrotamál af því að tilskipanir og reglugerðir eru ekki innleiddar innan tímamarka eru 131, langflest gegn Íslandi eða 107.
 - Vegna síaukinna tafa á innleiðingu átti ESA ekki annarra kosta vöð en að vísa sautján málum til EFTA-dómstólsins árið 2014. Þrettán af þeim voru höfðuð gegn Íslandi.

Myndin hér að neðan sýnir þróun innleiðingarhallans síðasta áratug. Liechtenstein og Noregi hefur mestmegnis tekist að halda sig innan settra marka varðandi innleiðingu EES-gerða en innleiðingarhalli Íslands hefur verið sérlega langvarandi og mikill.

Mynd 1 – Innleiðingarhalli EFTA-rikkjanna síðustu 10 ár



Til frekari upplýsinga:

- [Frammistöðumat EES 13/04/2015 \(pdf\)](#)
- [Vefsvæði Frammistöðumats EES](#)